



Hafnarfirði 11. mars 2013

Bréfið sent: Eyjólf Þór Sæmundssyni, formanni fræðsluráðs  
Magnúsi Baldurssyni, sviðstjóra fræðsluþjónustu

Efni: Áframhaldandi leikskólastarfsemi í Kaldárseli

Starfsfólk leikskólans Víðivalla sótti um að fá leyfi og fjármagn til þróunarverkefnis í eitt ár síðastliðið vor. Verkefnið fól í sér að starfrækja útideild í Kaldárseli sem bættist við þær fimm deildir sem fyrir voru í leikskólanum. Við urðum þeirrar gæfu aðnjótandi að umsóknin var samþykkt og heimild og fjármagn veitt til starfseminnar í ár. Nú er þetta ár senn á enda og óskum við hér með eftir heimild til að framlengja verkefnið um þrjú skólaár eða til vors 2016.

Stutt samantekt á starfseminni í Kaldárseli.

Mikil skipulagsvinna átti sér stað við opnun deildarinnar í Kaldárseli þar sem um var að ræða nýja deild með ólíkum áherslum en í leikskólanum og ólíkum kennsluáðstæðum. Stöðug þróun og umbætur hafa átt sér stað í starfinu og deildarstjórar Kaldársels ásamt öðru starfsfólki leikskólans hafa verið að breyta og bæta starfið í útideildinni frá fyrsta degi.

Nú teljum við að búið sé að sníða af mestu vankantanna og eftir stendur frábærlega vel staðsett leikskóladeild með frábæru starfsfólki og frábæru leikskólastarfi.

Markmið útideildarinnar er

- Að bjóða upp á óhefðbundna námsleið í nánnum tengslum við náttúruna.
  - Börnin upplifi og skynji náttúruna á eigin forsendum með áherslu á náttúrufræði, dýrafræði og umhverfisvitund. Börnin fá einnig að taka þátt í að sjá um kanínur og naggrísi og kynnast því að umgangast dýr og taka ábyrgð á velferð annarra.
- Sjálfsákvörðunarréttur barnsins er í forgrunni með áherslu á að virkja frumkvæði og áhugavöt barnsins.
  - Hefðbundið dagskipulag lagt til hliðar með áherslu á að börnin fái að njóta sín á eigin forsendum í miklu frjálsræði.
- Óheft hreyfing í náttúrulegu umhverfi.
  - Rannsóknir benda til þess að hreyfiproski barna eflist í náttúrulegu umhverfi og á það sérstaklega við um börn með seinkaðann hreyfiproska. Útideildin styður við þá skólapróun sem felst í forystuskólaverkefninu *Hreyfing og hollir lífshættir*.

- Félagsfærni
  - Áhersla á félagsfærni og lífsleikni og að skapa rólegt og þægilegt andrúmloft þar sem börnin eru í smærri hópum og verða fyrir minni áreitum en alla jafna.
  - Starfsfólk leikskólans tók þátt í námskeiði nú nýverið á Long Island þar sem áhersla var á leiki í náttúrunni sem efla samvinnu, frumkvæði og skapandi hugsun við aðstæður sem ekki eru til staðar í borgarsamfélagi.

## Faglegur ávinningur og sérstaða útideildarinnar

Starfið í Kaldárseli býður upp á nýjar kennsluaðferðir þar sem áherslan hjá okkur í vetur hefur verið að efla sjálfstæði og sjálfræði barnanna.

Dagskipulag er mjög rúmt og gefur færi á því að fylgja eftir hugmyndum barnanna um verkefnaval hverju sinni. Það er stuðst við ramma og mismunandi áherslur eru í starfinu dag hvern. Eins og í starfinu á Víðivöllum eru fastir þættir eins og Stig af Stigi sem kennt er tvisvar í viku og álfastundir en það er nokkurskonar skólahópur þar sem unnin eru verkefni sem stuðla að því að undirbúa elstu börnin undir grunnskólagönguna. Einnig eru skipulagðar íþróttir tvisvar í viku líkt og á Víðivöllum enda mjög góður íþróttasalur í Kaldárseli.

Sérstaða Kaldársels felst að sjálfsgöðu í náttúrunni og frjálsræðinu sem börnin upplifa upp í Kaldárseli. Þar eru engar girðingar og miklu stærra svæði til frjáls leiks en á leikskólalóðinni. Að auki er boðið upp á útival en í því felast önnur verkefni en þau sem boðið er upp á í hinu hefðbundna leikskólastarfi. Í útivali er hægt að velja:

**Smíðar:** Börnin mega ráða hvað þau smíða en mjög vinsælt er að smíða bát og láta svo sigla á ánni. Einnig er verið að smíða ýmis konar viðbætur á kofa sem fyrir eru s.s. brýr og girðingar.

**Fótboltavöllinn:** Flottur fótboltavöllur er við Kaldársel með mörkum og þar er vinsælt að fara í fótbolta eða hópleiki ýmiskonar.

**Réttina:** Gömul og svolítið lúin rétt er við Kaldársel þar sem hægt er að príla og fara í feluleiki.

**Búleik:** Strax var lögð áhersla á að veita börnunum tækifæri til að búa til gott bú þar sem mikið er af búshöldum ýmiskonar s.s. pottum, pönnum, sleifum o.þ.h. Einnig eru hefðbundin leikföng s.s. fötur og skóflur. Mjög vinsælt er velja búleik og hefur verið strax frá fyrsta degi, mikið er bakað og brasað með jarðveg, jurtir, vatn og snjó.

**Að tálga:** Undir eftirliti kennara er hægt að fá að tálga með tálgunarhníf en það er ansi vandasamt verk og ekki er hægt að bjóða upp nema fáum börnum upp á það í einu.

**Göngu:** Þeir sem velja göngu koma sér saman um hvert skal haldið í samráði við kennara. Oftast verður fyrir valinu að fara í helluferð en einnig er vinsælt að ganga á Sandfell. Gangan er mjög vinsæl af börnunum og yfirleitt eru það milli 30 – 50% barnanna sem velja það að fara í göngu. Kennurum hefur komið verulega á óvart sá jarðfræði áhugi sem kviknað hefur við veruna í Kaldárseli. Börnin eru mjög upptekin af hellunum og hrauninu og því hefur verið fjallað töluvert um jarðsögu Íslands. Einnig er gaman að sjá þá tilraunastarfsemi sem fer fram í útiveru daglega, rennsli árinna, hringiður, áin í klakaböndum og mismunandi jarðlög og jurtir vekja forvitni og áhuga.

Hver hópur fer í ævintýraferð vikulega. Ævintýraferð lýtur ákveðnum lögmálum, það er einn fánaberi sem leiðir gönguna og sér til þess að enginn dragist aftur úr. Það má ekki fara fram úr fánaberanum og það er ekki skylda að leiða félagi, það er nóg að halda hópinn.

Veðurfræðingurinn fer yfir veðurfar dagsins með talsverðri nákvæmni, hálfskýjað, úrhellisrigning, þungskýjað. Eitt barn fær það hlutverk að vera nestistjóri en hann sér um að útteila nestinu og sjá til þess að allir fái eitthvað að maula og drekka. Fréttamaður fær mikrafón og tekur saman hvað gert var í ferðinni og segir frá því markverðasta og skemmtilegasta. Í ævintýraferðum er ávallt kennslufræðilegur tilgangur og leikur. Verkefnin geta verið ýmiskonar s.s. að finna eitthvað í

umhverfinu sem byrjar á S eða búa til R úr því sem hægt er að finna í náttúrunni. Að sækja fjóra steina sem eru stærrí en hnefi eða að finna grein sem er lengri en framhandleggur. Verkefnin eru fjölbreytt og endalaust er hægt að finna eitthvað spennandi að vinna með. Að verkefninu loknu er farið í leiki t.d. feluleik, fela hlut hlaupa í skarðið o.s.frv. Fyrir heimför er nestistími og fréttamaðurinn fer yfir verkefni dagsins.

Leitast er eftir að æfa börnin í eftirfarandi þáttum í ævintýraferðum:

- Framsögn
- Ábyrgð og hlutverk
- Málþroski / læsisþroski
  - Bókstafir
  - Tengja saman staf og hljóð
  - Hugtök og orðaforði
- Tölur og talnagildi
  - Tölustafir
  - Telja
  - Form
  - Magn
  - Stærðarhugtök
- Hreyfing
- Hópefli og samvinna

Umsjá og ábyrgð á dýrum er nýtt fyrir börnunum á Víðivöllum en í Kaldárseli eru kanínur, naggrísir og páfagaukur. Börnin fá að taka þátt í umsjá dýranna, gefa þeim að borða og drekka og einnig að halda á þeim, klappa og knúsa. Dýrin hafa vakið mikla lukku og börnunum er annt um velferð þeirra og finnst gaman að fá að aðstoða við umhirðu. Önnur dýr hafa einnig vakið mikinn áhuga en það eru villt dýr í nágrenni Kaldársels. Mýsnar hafa gert vart við sig bæði innandyra og utan og í kjölfarið kynntum við okkur hagamýs og húsamýs. Fundist hafa spor eftir refi fyrir utan húsið og því hefur kviknað áhugi á refum. Við vorum svo lánsöm að fá lánaðann uppstoppaðan hrafn og ref og unnin voru verkefni í tengslum við það. Fuglalíf er ekki mikið yfir veturinn en auk hrafnsins hefur orðið vart við gæsir og stokkandapar. Kennarar nýta tækifærið ef vart verður við fugla eða önnur dýr til að ræða um lífshætti þeirra og vekja áhuga barnanna á dýralífinu við Kaldársel.

Í upphafi var rætt í kennarahópnum hvort og hvernig áhrif veran í Kaldárseli myndi hafa á hreyfiþroska barnanna þar sem draga myndi úr þeim skipulögðu íþróttatímum sem boðið væri upp á í leikskólanum. Hreyfing í náttúrulegu umhverfi þar sem lítið er um boð og bönn virðist fylgja öðrum lögmálum en í íþróttasal. Það er áhugavött barnsins sem vekur hreyfilöngun þ.e. að komast frá a til b. Hlaupa upp og niður með ánni og láta heimasníðaðann bát sigla, þrila í klettum, ganga á Sandfell, fara í hellaferð. Náttúrulegar aðstæður virðist vera meira hvetjandi fyrir mörg börn en uppstilltur íþróttasalur.

Víðáttan í Kaldárseli er vissulega mjög ólík því sem við eigum að venjast í hefðbundnu borgarsamfélagi. Í fyrstu höfðu kennarar en þó aðallega foreldrar áhyggjur af því að börnin myndu fara sér að voða þar sem girðingar eru ekki til staðar og Kaldáin rennur beint fyrir framan húsið. Þær áhyggjur reyndust óþarfar, það kom strax í ljós að börn er skynsöm og fara ekki lengra en þau treysta sér til. Þau eru mjög læs á hætturarnar í Kaldárseli og gæta sín á sprungum, oddhvössu hrauninu og ánni. Í víðáttunni fer fram mikið nám daglega sem kennarar verða varir við í samræðum barnanna. *“Það er betra að detta á mosa en hraun” “Maður verður að passa sig á sprungunni þarna” “Það þarf að passa hausinn” (í hellaferð) “Það er betra að nota svona grein þegar maður er að vaða yfir ána” “Ég ætla að búa til svona brú úr spýtunni til að komast yfir ána”.*

Síðast en ekki síst hefur veran í Kaldárseli haft áhrif á frjálsa leikinn og einnig jákvæð áhrif á hegðun barna með hegðunaryrðingum. Þar sem um er að ræða mikið flæði og frjálshæð gefst góður tími fyrir börnin til að leika sér, bæði innandyra sem utan. Þau fá rýmri tíma, hafa mun fleiri fermetra og nýjar leikaðstæður. Allt þetta hjálpar að við þroska ímyndunarafl, styrkja félagatengsl og draga úr neikvæðri félagslegri hegðun og árekstrum. Þó ber að varast að draga of miklar ályktanir þar sem reynsla okkar af Kaldárseli er ekki nema nokkrir mánuðir.

Stig af stigi er kennt tvisvar í viku og mikið er rætt um umburðarlyndi, samhygð og að setja sig í spor annarra. Markvisst æfum við okkur í að sigrast á hindrunum, vinna á eigin ótta við nýjar og krefjandi aðstæður og aðstoða þá sem þurfa á því að halda. Við erum öll góð í einhverju en það er enginn góður í öllu.

Það er von okkar að heimild verði veitt Víðivöllum til áframhaldandi starfsemi í Kaldárseli. Við teljum að starfið eigi aðeins eftir að batna og eflast héðan í frá og veita börnunum ómetnalegt tækifæri til að þroskast og dafna í nánnum tengslum við náttúruna, tækifæri sem allt of fáum býðst í hraða nútíma samfélagsins.

Virðingarfyllst  
Árdís Grétarsdóttir

---

Leikskólastjóri Víðvalla

Eva Ásgeirsdóttir

---

Aðstoðarleikskólastjóri Víðvalla

Ásta S. Loftsdóttir

---

Deildarstjóri Kaldársels

Birna Dís Bjarnadóttir

---

Deildarstjóri Kaldársels